

# Skapa þarf rými til skattalækkana

Umsvif hins opinbera á Íslandi eru há í alþjóðlegum samanburði  
- tækifærin liggja í bættri forgangsröðun

Greining efnahagssviðs Samtaka atvinnulífsins, október 2017

 @atvinnulifid

 @atvinnulifid






## Skapa þarf rými til skattalækkana – tækifæri liggja í forgangsröðun

- Það er hvorki efni til aukningar ríkisútgjalda né rými til skattalækkana. Þvert á móti eru nú kjöraðstæður til að skapa svigrúm fyrir skattalækkunir með því að draga úr umsvifum ríkisins. Það eru tækifæri til að forgangsráða í rekstri ríkisins og nýta betur skattfé landsmanna.
- Met verða slegin í ríkisútgjöldum gangi kosningaloforð stjórnmalaflokkanna eftir, en þau snúast að mestu um varanlega aukningu ríkisútgjalda. Því fylgir mikil ábyrgð að stjórna ríkisútgjöldum þegar vel árar í efnahagslífinu því vöxtur skatttekna framkallar háværar kröfur um aukin útgjöld á öllum sviðum. Þá reynir á framtíðarsýn og stefnufestu stjórnvalda.
- Þegar vel árar í efnahagslífinu þarf ríkissjóður að gæta aðhalds í útgjöldum til að jafna uppsveifluna og draga úr þenslu. Aukning ríkisútgjalda í efnahagsuppsveiflu mun óhjákvæmilega framkalla sársaukafullan niðurskurð í þeirri niðursveiflu sem kemur í kjölfarið og tekjustofnar dragast saman. Það er jafn vandasamt að stýra ríkissjóði í uppsveiflu og niðursveiflu.
- Á sama tíma eru miklar skattalækkunir boðaðar. Danmörk og Svíþjóð eru einu þróuðu ríkin sem eru með hærri skatta en Ísland. Það er mikilvægt að hafa hugfast að allar skattalækkunir munu á endanum bitna á almenningi. Skattar á fyrirtæki draga úr getu þeirra til að hækka laun, fjölga starfsfólki og lækka verð. Skattar á fjármagnseigendur draga úr getu þeirra og vilja til fjárfestinga hér á landi sem leiðir til þess að færri störf skapast í hagkerfinu.

# Stjórnmalaflokkarnir vilja auka útgjöld. Umsvif hins opinbera eru nú þegar ein þau mestu meðal OECD. Tækifærin liggja frekar í að nýta skattfé betur.

## Útgjöld hins opinbera 2015


- % hlutfall af landsframleiðslu, leiðrétt fyrir mismunandi almannatryggingakerfum



# Staða mála: Útgjöld ríkissjóðs hafa vaxið hratt undanfarin ár og eru nú svipuð og þegar mest lét fyrir hrun. Verði loforð efnd munu útgjöld ná methæðum – **142.000 kr. á mann í nýja skatta**

Frumútgjöld ríkissjóðs á mann, leiðrétt fyrir óreglulegum liðum <sup>1</sup>

Milljónir króna á verðlagi 2017



142.000 kr.

Aukning á mann  
m.v. loforð \*

Heimildir: Ríkisreikningur, fjárlagafrumvarp, breytingatillaga fjármálaáætlunar 2018-2022 og útreikningar efnahagssviðs


<sup>1</sup> Teknir eru út útgjaldaliðir sem fjárveitingarvaldið hefur litla stjórn á á hverjum tíma sbr. áfallnar ríkisábyrgðir, tapaðar kröfur, atvinnuleysisgreiðslur, afskriftir skattkrafna.

\* Spá um 2018 miðað við forsendur fjárlagafrumvarps 2018 um útgjöld ríkisins og vísitölu neysluverðs auk spár Hagstofu Íslands fyrir mannfjölda árið 2018. Aukning frá fjárlagafrumvarpi 2018 á mann.

# Hver hefur forgangsröðunin verið? Útgjöld 2016 voru ríflega 80 milljörðum hærri en 2012. Ríflega helmingur hefur farið til heilbrigðismála.

## Vöxtur útgjalda eftir málaflokkum (2012-2016)\*

Milljónir króna á verðlagi ársins 2016



Heimild: Hagstofa Íslands

\* Að frádreginni færslu ríkissjóðs árið 2016 til A-hluta LSR upp á 105,1 milljarða króna sem er óreglulegur liður


# Hver hefur forgangsröðunin verið? Útgjöld til heilbrigðis- og menntamála hafa vaxið meira en til annarra málaflokka.

## Útgjöld ríkisins eftir málaflokkum

Vísitala, 2012 = 100 og uppsafnaður útgjaldavöxtur

Uppsafnaður vöxtur

2012-2016




Heimild: Hagstofa Íslands

\* Að frádreginni færslu ríkissjóðs til A-hluta LSR upp á 105,1 milljarða króna sem er óreglulegur liður

# Aukin útgjöld eða forgangsröðun? Það þarf ekki að auka útgjöld, það ætti frekar að forgangsráða betur enda er Ísland útgildi meðal samanburðarríkja.

## Útgjöld hins opinbera á Norðurlöndunum sem hlutfall af VLF

Útgjöld sambærilegra útgjaldaliða hins opinbera árið 2015\*



Heimild: Eurostat

\* Varnarmál eru undanskilin vegna þess að Íslandi hefur ekki her


\* Almannatryggingar eru undanskildar vegna þess að lífeyrissjóðskerfin milli landa eru ólík

# Mikil útgjöld eru fjármögnuð með hárrí skattheimtu. Nánast hvergi innan OECD eru skattar hærri en á Íslandi.

Greiðsla almannatrygginga fer beint í gegnum skattkerfið í Danmörku og því er ekki hægt að leiðrétta fyrir þeim í samanburðinum.

Heildarskatttekjur hins opinbera árið 2015, sem hlutfall af VLF

- Leiðrétt fyrir greiðslum til almannatrygginga\*



Heimild: OECD


\* Árið 2014 fyrir Ástralíu, Japan og Pólland



## Er verið að festa skattahækkanir eftirhrunsáranna í sessi? Eftir hrunið var fjárlagagatinu að mestu lokað með aukinni skattheimtu.

### Leiðin að hallalausum ríkisrekstri 2009-2014<sup>1</sup>

Breyting frumgjalda- og tekna




<sup>1</sup>Breytingin er mismunur á ríkisreikningum m.v. viðmiðunarárið 2009 á föstu verðlagi. Í samanburðinum eru teknir til hliðar einstakir liðir sem ríkisvaldið hefur ekki stjórn á við fjárlagagerð eða teljast ekki til reglulegra tekna eða gjalda, þ.e. framlög í atvinnuleysistryggingasjóð, afskriftir skatttekna, innborgun á lífeyrisskuldbindingar, framlag til Íbúðalánasjóðar, fjármagnsgjöld/tekjur, áfallnar ríkisábyrgðir á lánum og eignasala.

# Hver borgar? Allar skattahækkunir bitna á endanum á almenningi. Frá árinu 2009 hafa heildarskatttekjur ríkissjóðs vaxið um 39% að raunvirði sem jafngildir **580.000 kr. á mann**

## Heildarskatttekjur ríkissjóðs á mann<sup>1</sup>

- Milljónir króna, á föstu verðlagi m.v. árið 2016




Heimildir: Hagstofa Íslands, útreikningar efnahagssviðs, Fjármálaráðuneytið

<sup>1</sup> Stöðugleikaframlög frá slitabúum föllnu bankanna ekki meðtalin

## Hver borgar? Skattheimta á íslensk fyrirtæki er sú næst hæsta á Norðurlöndum. Skattar á fyrirtæki voru hækkaðir eftir 2008 á Íslandi en lækkaðir í flestum öðrum ríkjum.

### Fyrirtækjaskattar án áhrifa protabúa og tryggingagjalds<sup>1</sup>

- sem hlutfall af landsframleiðslu, m.v. árið 2015



Heimild: OECD, ríkisreikningur, útreikningar efnahagssviðs SA

<sup>1</sup> Meðtalin veiðigjöld


<sup>2</sup> Skattar sem hlutfall af landsframleiðslu að meðaltali fyrir árið 2004-2007

\* Skv. fjárlagafrumvarpi 2018

# Niðurstöður: Frekari ríkisútgjöld eru ekki lausnin – óábyrgt að halda áfram á sömu leið

- Fyrir hverjar 100 krónur sem verða til í hagkerfinu eru 40 krónum ráðstafað af hinu opinbera.
- Aðeins í örfáum löndum eru útgjöld hins opinbera hærra hlutfall af þeim verðmætum sem til ráðstöfunar eru í landinu en á Íslandi.
- Ef fjármagn skortir til mikilvægra málaflokka er lausnin falin í betri nýtingu á opinberu fé og forgangsröðun innan þess rúma útgjaldaramma sem er um opinber útgjöld.
- Aukin útgjöld eru loforð um frekari skattahækkanir. Hverfa þarf frá þeirri braut og skapa rými til að draga til baka skattahækkanir eftirhrunsáranna.


1



Áhersla hefur verið á heilbrigðismál

- Útgjöld hins opinbera hafa vaxið töluvert á síðastliðnum árum og eru að ná nýjum hæðum.
- Áhersla hefur verið lög á heilbrigðismál en rúmur helmingur alls útgjaldavaxtar hefur farið í málaflokkinn.


2



Ísland er háskattaríki

- Opinber útgjöld eru nánast hvergi meiri meðal OECD en á Íslandi.
- Nánast hvergi er skatttekjur hins opinbera hærra sem hlutfall af landsframleiðslu en á Íslandi.
- Ef marka má loforð stjórn málflokka í dag er verið að festa skattahækkanir eftir 2008 í sessi.

3



Skapa rými til skattalækkana

- Augljós tækifæri eru til forgangsröðunar í opinberum rekstri. Dapurt að sá málf lutningur fær ekki hljómgrunn í núverandi kosningabaráttu.
- Búum í haginn. Þegar til bakslags kemur í hagkerfinu, varla verður svigrúm þá til skattalækkana. Hvaða leið verður þá farin?





Greining efnahagssviðs Samtaka atvinnulífsins, október 2017

 @atvinnulifid

 @atvinnulifid

